



# 192 Tækjatrýgging

## VÁTRYGGINGARSKILMÁLAR

### 1. Skilgreiningar og nánari afmörkun hins vátryggða.

- 1.1 Í skilmálum þessum hafa eftirtalin hugtök eftirfarandi merkingu.
  - a. **Varan:** munur sem vátryggður á eða hefur gert samning um að kaupa,
  - b. **Félagið:** TM tryggingar hf.
  - c. **Vátryggingarsamningalög:** lög um vátryggingarsamninga nr. (númer) 30/2004.
- 1.2 Nánar telst varan, sbr. (samanber) gr. (grein) 1.1 a, vera sá búnaður sem tilgreindur er í vátryggingarskírteini og er lýst í vörureikningi við kaup eða í vátryggingarbeiðni til félagsins.
- 1.3 Vátryggingin gildir gagnvart upprunalegum kaupanda og eiganda tækisins og öðrum þeim sem síðar kunna að eignast tækið á löglegan hátt.

### 2. Vátryggingarvið.

- 2.1 Vátryggingin tekur til eðlilegrar hættu á skemmdum á vörunni sem stafar af notkun hennar í námi, einkalífi, skrifstofuvinnu, léttum störfum, heimilishaldi og á ferðalögum, ásamt flutningi og meðhöndlun tengdu þessu.
- 2.2 Vátryggingin bætir tjón á vörunni sem verður vegna skyndilegra, ófyrirséðra, utanaðkomandi atvika, sem gerast án vilja vátryggðs og vátryggingartaka og ekki eru undanskilin annars staðar í vátryggingarsamningnum. Ef um innbrot er að ræða skulu vera greinileg merki þar um á innbrotsskið.

### 3. Takmarkanir á gildissviði vátryggingarinnar.

- 3.1 Vátryggingin bætir ekki:
  - a. vöru sem glatast án þess að um stuld við innbrot sé að ræða,
  - b. tjón sem kaupréttarleg bótakrafa, ábyrgð eða önnur skuldbinding framleiðenda, heildsala, smásala, viðgerðarmanns eða annars aðila nær yfir og slík ábyrgð fylgir vörunni við kaupin eða eftir viðgerð samkvæmt lögum, reglugerð eða afgreiðsluskilmálum,
  - c. tjón sem hefur ekki áhrif á notagildi vöru, svo sem rispur og annað tjón bundið við útlit vörunnar,
  - d. neysluvöru sem eyðist samkvæmt eðli sínu, svo sem rafhlöðu, rafgeymi, ljósaperu, filmu, prenthaus, blækhyllki, prentduft, hljóð- eða myndband,
  - e. kostnað við aukabúnað svo sem hleðslutæki, handfrjálсан búnað eða móttökubúnað,
  - f. tjón af völdum slits, tæringar, notkunar, aldursbreytingar, lita- eða formbreytinga eða vanrækslu á viðhaldi,
  - g. tjón sem verður við vinnslu, uppsetningu, viðgerð, viðhald, skoðun, breytingu eða þjónustu eða tjón sem hlýst af meðferð vörunnar við slíkar aðstæður,
  - h. óbein eða afleidd tjón svo sem afnotamissi, afhendingardrátt eða kostnað við að taka niður tæki eða setja upp,
  - i. tjón sem verður ef hið vátryggða er mislagt eða það gleymist, týnist eða er skilið eftir á almannafæri,
  - j. tjón, kostnað eða ábyrgð sem beint eða óbeint stafar af eða tengist rangri dagsetningu í tölvu eða öðrum hugbúnaði,
  - k. tjón vegna galla í forriti eða óvirkni af hans völdum.

### 4. Landfræðileg mörk.

- 4.1 Vátryggingin gildir hvar sem er í heiminum.

### 5. Varúðarreglur.

- 5.1 Vátryggður skal gæta hins vátryggða búnaðar vel og gera eðlilegar ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir að hann skemmist eða glatist. Fara skal í einu og öllu eftir þeim leiðbeiningum sem fylgja með vörunni eða öðrum ábendingum frá framleiðanda eða seljanda vörunnar um meðferð hennar. Brot gegn varúðarreglum þessum getur leitt til þess að ábyrgð félagsins falli niður í heild eða að hluta.



# 192 Tækjatrygging

## VÁTRYGGINGARSKILMÁLAR

### 6. Gildistími, endurnýjun og uppsögn.

- 6.1 Vátryggingin gildir fyrir það tímabil sem tilgreint er í vátryggingarskírteini eða iðgjaldskvittun. Við lok tímabilsins fellur vátryggingin niður og verður ekki endurnýjuð.
- 6.2 Vátrygging þessi er keypt fyrir tiltekið vátryggingartímabil og getur vátryggingartaki ekki sagt upp vátryggingunni á vátryggingartímanum. Félagið endurgreiðir ekki iðgjald vegna sölu tækisins enda fylgir vátryggingin tækinu, sbr. gr. 1.3.

### 7. Greiðsla iðgjalds.

- 7.1 Iðgjaldið skal greitt hjá vörusala við kaup á tækinu og skal iðgjaldið koma fram á iðgjaldskvittun vörusala. Það er skilyrði þess að vátryggingin taki gildi að iðgjaldið hafi verið greitt.

### 8. Vátryggingarfjárhæð eftir tjón.

- 8.1 Hafi tjón verið bætt, lækkar vátryggingarfjárhæðin um það sem bótunum nemur frá þeim degi er vátryggingaratburðurinn varð til loka vátryggingartímabilsins. Vátryggingartaki hefur þó rétt til að halda óbreyttri vátryggingarfjárhæð gegn því að greiða hlutfallslegt viðbótariðgjald.
- 8.2 Verði hið vátryggða tæki fyrir altjóni og félagið afhendir annað tæki sambærilegt hinu fyrra fellur vátryggingin niður án endurgreiðslu iðgjalds. Kaupa verður nýja vátryggingu fyrir hið nýja tæki.

### 9. Eigin áhætta.

- 9.1 Vátryggingin er án eigin áhættu.

### 10. Tvítrygging.

- 10.1 Komi í ljós þegar tjón hefur orðið að í gildi er önnur vátrygging sem tekur til tjónsins, skal uppgjör bóta fara fram eftir því sem mælt er fyrir í 37. gr. vátryggingarsamningalaga.

### 11. Aukin áhætta.

- 11.1 Allar breytingar á áhættu félagsins umfram það sem fram kemur í vátryggingarsamningnum og hafa í för með sér aukna áhættu á tjónum, ber að tilkynna félaginu tafarlaust. Láti vátryggður hjá líða að tilkynna slíkar breytingar getur hann misst rétt til vátryggingarbóta eftir reglum vátryggingarsamningalaga.

### 12. Ásetningur og gáleysi.

- 12.1 Valdi vátryggður tjóni af ásetningi ber félagið enga ábyrgð á tjóninu. Hafi hann valdið tjóninu af stórfelldu gáleysi er félagið laust úr ábyrgð í heild eða að hluta.

### 13. Svik og aðrar rangar upplýsingar.

- 13.1 Hafi vátryggingartaki við gerð vátryggingarsamnings sviksamlega eða með öðrum hætti vanrækt skyldu sína til að veita félaginu upplýsingar um atvik sem haft geta þýðingu fyrir mat þess á áhættunni og vátryggingaratburður hefur orðið fellur ábyrgð félagsins niður í heild eða að hluta, sbr. 20. gr. vátryggingarsamningalaga. Rangar og ófullnægjandi upplýsingar veita félaginu ennfremur rétt til að segja vátryggingunni upp, sbr. 21. gr. laganna.
- 13.2 Veiti vátryggður við uppgjör bóta af ásetningi rangar upplýsingar sem hann veit eða má vita að leiða til þess að hann fær greiddar bætur sem hann á ekki rétt til fellur bótaréttur hans niður og félagið getur sagt upp öllum vátryggingarsamningum sínum við vátryggðan eins og nánar greinir í 47. gr. vátryggingarsamningalaga.



# 192 Tækjatrýgging

## VÁTRYGGINGARSKILMÁLAR

### 14. Tilkyning um tjón.

- 14.1 Tjón skal tilkynna félaginu svo fljótt sem verða má. Vátryggður skal gera ráðstafanir sem nauðsynlegar eru til að sanna að vátryggingaratburður hafi orðið, þ. á m. (þar á meðal) að tilkynna lögreglu um innbrotspjófnad.
- 14.2 Tjón sem verður á vátryggðum búnaði af völdum annarra, svo sem flutningsaðila, skal auk þess tilkynnt þeim aðilum og áskilnaður gerður um rétt til skaðabóta úr þeirra hendi.
- 14.3 Vanræksla á tilkynningarskyldu getur varðað lækkun eða missi bóta samkvæmt vátryggingarsamningalögum.

### 15. Ákvörðun bóta.

- 15.1 Tryggingin bætir sanngjarnan kostnað við viðgerð á vörunni eða við að skipt sé um íhlut í henni eða bætt er með nýrri vöru sömu tegundar og gerðar eða, ef það er ekki hægt, með samsvarandi vöru. Félagið áskilur sér rétt til að ákveða hvort eigi að gera við vöru eða hún bætt með nýrri samsvarandi vöru.
- 15.2 Ekki er dregið frá vegna verðmætarýrnunar sökum aldurs eða notkunar.
- 15.3 Ef hinn vátryggði býr innan við 50 km (kilómetrar) frá þjónustustað og hið vátryggða tæki er það stórt að ósanngjarnt er að hann verði að flytja það sjálfur á verkstæði greiðir félagið kostnað við slíkan flutning eða aukakostnað vegna útkalls viðgerðarmanns á staðinn þar sem hið vátryggða tæki er staðsett.

### 16. Lög um vátryggingarsamninga.

- 16.1 Að öðru leyti en kveðið er á um í skilmálum þessum, vátryggingaskírteini eða öðrum gögnum, sem vátryggingarsamningurinn byggir á, gilda um hann lög nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga.

### 17. Meðferð ágreiningsmála og varnarþing.

- 17.1 Ágreiningi varðandi vátryggingarsamning og bótaskyldu félagsins að öðru leyti má skjóta til úrskurðarnefndar í vátryggingarmálum. Upplýsingar um nefndina og starfshætti hennar má fá hjá félaginu.
- 17.2 Þrátt fyrir úrræði skv. (samkvæmt) 1. mgr. (málgrein) er aðilum heimilt að leggja ágreining fyrir dómstóla. Slík mál, svo og önnur mál sem rísa út af vátryggingu þessari, skulu rekin fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur. Félaginu er þó einnig heimilt að höfða mál út af vátryggingunni á heimilisvarnarþingi vátryggingartaka.
- 17.3 Heimili félagsins og varnarþing er í Reykjavík.

## Skráning í tjónagrunn Creditinfo Lánstrausts hf.

Tjón sem tilkynnt eru til vátryggingafélaga eru skráð í sérstakan tjónagrunn sem rekinn er af Creditinfo Lánstrausts hf. samkvæmt samningi við Samtök fjármálafyrirtækja (SFF) sem félagið á aðild að og samkvæmt heimild Persónuverndar. Félagið telst ábyrgðaraðili í skilningi persónuverndarlaga nr. 90/2018 vegna skráningar þess á upplýsingum í grunninn og uppflettingum sem framkvæmdar eru á vegum þess. Tilgangur með skráningu í tjónagrunninn er að stemma stigu við vátryggingarsvikum og ofgreiðslu vátryggingabóta. Skráðar eru upplýsingar um kennitölu tjónþola, tjónsnúmer, tegund vátryggingar og tjóns, dagsetning tjóns og skráningar, staðsetning tjóns og eftir atvikum einkvæmt númer hins vátryggða, s.s. skráningarnúmer ökutækis. Við skráningu tjóns fær félagið yfirlit yfir öll tjón sem tjónþoli hefur tilkynnt óháð félagi og skráð hafa verið í tjónagrunninn. Eingöngu starfsmenn félagsins sem skrá tjón og vinna að tjónauppgjöri hafa aðgang að tjónagrunninum. Upplýsingum skal eytt úr tjónagrunni þegar þeirra gerist ekki lengur þörf í þágu tilgangs vinnslunnar, í síðasta lagi þegar 10 ár eru frá skráningu upplýsinganna.

Skilmálar þessir gilda frá 15. janúar 2019.